
Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna íbúðahúsabyggðar á
Borg í Grímsnesi II



HELGA JÓNSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: HELGA JÓNSDÓTTIR OG ADOLF FRÍÐRIKSSON

REYKJAVÍK 2023
FS916-22491

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Á forsiðumynd sést leið ÁR-701:046, horft til norðvesturs. Leiðin liggur norður-suður norðvestan við þéttbýlið á Borg í Grímsnesi. Hún greinist á miðju skipulagssvæðinu frá leið ÁR-423:017 þar sem önnur leið ÁR-701:045 fer til norðausturs að Björk ÁR-422.
Ljósmynd: Helga Jónsdóttir*

©Fornleifastofnun Íslands 2023
Bræðraborgarstígur 9, 101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt.....	4
Summary.....	4
1. Inngangur.....	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	6
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	8
4. Fornleifaskrá.....	10
5. Niðurstöður.....	13
6. Heimildaskrá.....	14

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar á 55 hektara svæði norðvestan við þéttbýlið á Borg í Grímsnesi. Svæðið er í landi Stóru-Borgar þar sem ráðgert er að reisa íbúðarhús. Um skráningu á vettvangi sáu þau Helga Jónsdóttir og Adolf Friðriksson í nóvember 2022. Innan úttektarsvæðis voru skráðir fjórir minjastaðir, allt leiðir. Minjar innan úttektarsvæðis eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: fornleifaskráning, deiliskipulag, íbúðabyggð, Stóra-Borg, Grímsnes, leiðir

Summary

In this report are the conclusions of a detailed field survey of 55 ha area within the property of the old farm Stóra-Borg, but the area is now privately owned. Within the plot the plan is to build residential area. The survey was carried out in November 2022 by Helga Jónsdóttir and Adolf Friðriksson. Total of four archaeological sites, all routes, were surveyed and all are considered at great risk because of future construction work.

Keywords: archaeology, detailed survey, house area, Stóra-Borg, Grímsnes, routes

1. Inngangur

Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir íbúðasvæði á 55 ha reit í landi Stóru-Borgar, rétt norðvestan við þéttbýlið að Borg í Grímsnesi. Verkfræðistofan EFLA fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin ynni fornleifaskráningu innan svæðisins vegna þessa. Vettvangsvinnan var gerð seint í nóvember, af Helgu Jónsdóttur og Adolf Friðrikssyni fornleifafræðingum. Auk þess að sjá um skráningu á vettvangi og úrvinnslu skrifaði Helga skýrslu þessa.



Deiliskipulagssvæðið við Borg er innan rauðrar línu á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Staðsetning þess er sýnd sem rauður punktur á innfelledu Íslandskorti.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla

með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SM-142:013). Þær minjar sem skráðar voru sumarið 2022 eru allar innan marka lögbýlisins Seljateigs (SM-141). Fornleifaskráin hér að neðan samanstendur af lista yfir allar þær fornleifar og sögulega markverða minjastaði (t.d. herminjar úr seinni heimstyrjöld) sem skráðir voru á vettvangi. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.



Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að

umræddur staður kunnir að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatak Johnsens: SP-175(009) Númer fornleifar á tilteknum jöð: Sveinshlaða Sérbein: (161) Tegund: (hlaða) Hlutverk: Hinnarstaða í landshúskerfi ISN93: E: 528751 N: 352323

Sýsluríki: Sjá mynd af minjastað og uppstilling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt úthús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutófi sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skalfártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóflin er í túnjaðri fast suðvestan við Skalfártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóflarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innmáli, mjókkar til norðvesturs. Öp virðist vera í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfín virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hölfmyndun er undir norðvesturhluta tóflarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem steðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Demi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

ÁR-423 Stóraborg

30 1/3 hdr. 1847, óviss. JJ 71, 1708. Skálholtsstólsjörð 1708 og 1760 en lénsjörð Grindavíkurprests 1847. 22.5.1504 gengur dómur þingstað réttum á Borg í Grímsnesi - DI VII, 692-94. Annar dómur frá Borgarþingi er frá 14.5.1568 - DI XV, 99. Í JÁM er hjáleigan Borgarkot talin með. "Borgarkot, eyðihjáleiga, hefur 4 ár í auðn legið, en var fyrst bygd fyrir tæpum 30 árum á fjárhússtæði." JÁM II 340-41.

1920: Tún 6,6 ha, þar af slétt ca. 1/3. Garðar 885 m (Túnakort).

"Bærinn stendur á brekkubrún en túnin að mestu norðan við hann á flötu heiðlendi. Kalhætta er þar mikil þó áraskipti séu að því. Mýrlendi er suður og vestur af bænum allt til Höskuldslækjar sem ræður mörkum að vestanverðu. Allmikil framræsla og ræktun hefur verið framkvæmd á jörðinni hin síðari ár. Jörðin er vel í sveit sett og var lengst af þingstaður sveitarinnar. Austan til í túninu eru friðlýstar rústir þar sem þingstaðurinn var. Félagsheimilið Borg er í landi jarðarinnar. Kirkja var reist á Stóruborg 1931 en þangað var hún flutt frá Klausturhólum." Sunnlenskar byggðir III, 127.

ÁR-423:023 gata leið



Leið ÁR-423:020 horft til norðausturs á ljósmynd

412852 398898

Götur á óþekkttri leið sjást í mólendi norðan Biskupstungnabrautar (35) og í sléttuðu túni vestan við sundlaugina á Borg. Þær eru um 300 m norðan við bæjarstæði Stóru-Borgar ÁR-423:001. Leiðin var skráð innan tveggja deiliskipulagsreita veturinn 2022 (en einnig var unnin úttekt fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp um 300-400 m við suðurmörk þess úttektarsvæðis sem hér er til úttektar.

Leiðinni var fylgt í þýfðum móa en óljós merki um hana sjást einnig í sléttuðu túni þar sem áður var mólendi.

Í mólendinu var leiðin rakin á 890 m löngum kafla og á 170 m löngum kafla í túninu. Í túninu sést gatan sem dæld eða slakki í landinu og er 0,4 m djúp. Framhald af henni sést á loftmynd utan þess

svæðis til norðurs. Sama gata sést á úttektarreit sem skráður var einnig vetur 2022 sem er sunnar. Á því svæði sem er hér til úttektar var leiðinni fylgt eftir yfir allt skipulagssvæðið norður-suður, eða um 630 m í mólendi. Nálægt syðri mörkum svæðisins sker lækur götuna. Nyrðri hluti leiðarinnar er nokkuð óljós.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-701 Fornleifar á fleiri en 1 jörð í Grímsneshreppi

ÁR-701:044 gata leið

413203 398043



Leið ÁR-701:044 horft til suðausturs á ljósmynd

Óviss gata sem lá milli Klausturhóla ÁR-425 og Stóru-Borgar ÁR-423 er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908-1910. Leiðin var skráð á stuttum köflum innan tveggja deiliskipulagsreita. Annars vegar voru mældar upp götur á milli túna norðan við Biskupstungnabraut (35) um 530 m frá bænum á Stóru-Borg ÁR-423:001 og hins vegar kafli var mældur upp í þýfðum móa nokkru norðar.

Leiðin sést vel í þýfðu landinu sem er vel gróið en þó

er víða rof í götunum.

Á syðri hluta leiðarinnar sem skoðaður var er hægt er að rekja göturnar á ríflega 70 m löngum kafla. Þar sjást þær greinilega í móa milli tveggja túna. Göturnar eru 2-3 saman á svæði sem er um 5 m breitt. Þær eru um 0,5-0,7 m breiðar og 0,5 m djúpar. Á nyrðri hluta leiðarinnar sem var skoðaður á vettvangi voru sams konar götur raktar á um 370 m löngum kafla. Hægt er að fylgja leiðinni lengra á loftmyndum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-701:045 gata leið

413454 398971



Leið ÁR-701:045 horft til norðurs á ljósmynd

Leið er merkt á Herforingjaráðskort frá 1908-1910 og lá hún á milli Stóru-Borgar ÁR-423 og Bjarkar ÁR-422. Leiðin er merkt óviss á löngum kafla. Þegar aðalskráning var unnin fyrir sveitarfélagið árið 2001 var þessi leið var skráð að hluta í landi Stóru-Borgar undir númerinu ÁR-423:017. Þegar farið var á vettvang 2022 og leiðin skoðuð í landi Stóru-Borgar var hún rakin á um 300 m kafla innan deiliskipulagssvæðisins og um 700 m utan hans, eða á samtals 1 km kafla.

Þar sem leiðin var skoðuð á vettvangi liggur hún um þurran og þýfðan grasmóa.

Leiðin liggur norður-suður og var henni fylgt á 1 km löngum kafla. Sjá má margar mjóar götur á um 6 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar og um 0,6 m djúpar og 0,5 m breiðar hver.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV

ÁR-701:046 gata leið

413345 398971



Leið ÁR-701:046 horft til norðvesturs á ljósmynd

Gata er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1908-1910 af leið 045 í landi Stóru-Borgar ÁR-423. Leiðin stefnir til norðvesturs og sveigir svo til vesturs að Laugamýri í landi Klausturhóla ÁR-425 þar sem hún virðist enda. Lítil hluti leiðarinnar var skoðaður á vettvangi innan deiliskipulags í landi Stóru-Borgar veturinn 2022. Leiðin liggur um þýfðan móa.

Leiðinni var fylgt á um 600 m löngum kafla þar sem hún liggur norðvestur-suðvestur. Sjá má nokkrar mjóar götur á um 7 m breiðu svæði. Göturnar eru vel grónar og að jafnaði 0,4 m breiðar og 0,3 m djúpar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SV

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar fornminjar sem skráðar voru innan 55 ha deiliskipulagsreits við Borg í Grímsnesi. Svæðið tilheyrði stórbýlinu Stóru-Borg í Grímsnesi á öldum áður en er nú í einkaeigu. Þar stendur til að reisa íbúðarhús, skammt norðvestur af þéttbýlinu á Borg.

Svæðið tilheyrð Stóruborg (ÁR-423) sem án efa var ein af landnámsjörðum svæðisins. Þótt ekki sé vitað um bænhús eða kirkju á Stóru-Borg á fyrri öldum verður að telja mjög líklegt að þar sé um mjög gamlan byggðakjarna að ræða og að jörðin sé ein af miðstöðum svæðisins um aldir. Stóraborg var þingstaður Grímsnesinga á 16. öld og eflaust frá fornu fari og gæti það bent til forns mikilvægis jarðarinnar. Allt bendir því til að búsetja á jörðinni hafi hafist mjög snemma og verið samfelld. Eins langt og vitað er hefur bærinn á Stóruborg verið þar sem yngstu bæjarhúsin standa nú. Almenna reglan um dreifingu minja er að þær eru langþéttastar í og við gömul heimatún bæja. Deiliskipulagsreiturinn sem tekinn var út í nóvember 2022 er 700-800 m norðan við gömlu túnmörkin og nær því yfir úthaga jarðarinnar. Þar er fremur flatlendir og þýfðir hagar og ekki vitað um aðra nýtingu í gegnum aldirnar heldur en mögulega útbeit en auk þess hafa leiðir líklega ætíð legið um svæðið. Það endurspegladist vel í þeim minjum sem skráðar voru innan marka deiliskipulagsins en samanlagt fundust þar fjórar fornleifar, allt leiðir. Var ein þeirra þekkt úr aðalskráningu áður en farið var á vettvang en þrjár til viðbótar voru skráðar á vettvangi og sáust ummerki um þær allar. Minjarnar eru einnig merktar á Herforingjaráðskort frá upphafi 20. aldar.

Allar fornminjarnar sem skráðar voru innan svæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Reynist nauðsynlegt að raska þeim er það Minjastofnunar Íslands að ákvarða hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megji víkja við slíkar aðstæður.

6. Heimildaskrá

Útgefnar heimildir:

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson (ritstjórar). 2001. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi II*. FS103-99062. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

DI XV: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*, 1947-1950. XV. bindi: 1567-1570 (og síðar). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

DI VII: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*, 1903-1907. VII. bindi: 1170-1505. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 1918-1921. II. bindi: Árnæssýsla, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. 1847. Kaupmannahöfn

Sunnlenskar byggðir III: 1983. Búnaðarsamband Suðurlands

Aðrar heimildir:

Herforingjaráðskort 37 NA 1909. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

Aðgengilegt rafrænt á <https://islandskort.is/>

Herforingjaráðskort 47 NV 1909. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.


Aðgengilegt rafrænt á <https://islandskort.is/>

Herforingjaráðskort 47 SV 1909. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

Aðgengilegt rafrænt á <https://islandskort.is/>

Túnakort Stóru-Borgar, 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt rafrænt á

<http://skjalaskrar.skjalasafn.is>



Minjakortið er unnið ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.